

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um kostnað við leiðtogafund Evrópuráðsins.

Frá Ingu Sæland.

1. Hver var heildarkostnaður ríkissjóðs og annarra opinberra aðila við leiðtogafund Evrópuráðsins sem haldinn var í Reykjavík 16. og 17. maí 2023?
2. Hvernig skiptist kostnaðurinn á milli opinberra aðila og á milli verkþátta, svo sem öryggisgæslu, skipulagningar o.s.frv.?
3. Hvaða mismunandi kostnaðarþættir féllu undir öryggisgæslu við leiðtogafundinn?
4. Hversu mikill kostnaður fór í kaup á bifreiðum fyrir leiðtogafundinn? Hversu miklum tekjum skilaði sala umræddra bifreiða ríkissjóði eftir lok fundarins?

Skriflegt svar óskast.